

Almenni lífeyrissjóðurinn



Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2003:		Skýringar.....	10
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Fylgiskjöl:	
Áritun endurskoðenda.....	6	Sérgreint yfirlit um rekstur og fjárhag ævisafna árið 2003	18
Yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðfélaga.....	7	Markmið og stefna Almenna lífeyrissjóðsins.....	19
Efnahagsreikningur	8	Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins 2004	25
Yfirlit um sjóðstreymi.....	9		

hfa/sp

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árið 2003 var fyrsta starfsár Almenna lífeyrissjóðsins en sjóðurinn varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga og ALVÍB 1. janúar 2003. Sjóðurinn er öllum opinn en hann er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, tæknifræðinga, tónlistarmanna og leiðsögumanna.

Fjöldi sjóðfélaga og eignir

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins í árslok 2003 voru 26.175 milljónir og jukust þær um 33%. Eignir séreignarsjóðs voru 21.256 milljónir og samtryggingasjóðs 4.918 milljónir. Eignir samtryggingasjóðsins jukust hlutfallslega meira en sjóðsins í heild eða um 49%. Í árslok voru skráðir sjóðfélagar alls 19.707 og fjölgaði þeim um 1.400. Samtals eiga 8.094 sjóðfélagar réttindi í samtryggingarsjóði og alls 4.556 sjóðfélagar greiddu iðgjald til deildarinnar á árinu 2003.

Iðgjöld og lífeyrir

Á árinu voru greidd iðgjöld til sjóðsins að fjárhæð 3.388 milljónir sem er 3% aukning frá fyrra ári. Iðgjöldin skiptust þannig að greidd lágmarksíðgjöld voru 1.510 milljónir og viðbótariðgjöld 1.878 milljónir króna. Lífeyrisgreiðslur árið 2003 voru samtals 193 milljónir. Á árinu fengu 325 sjóðfélagar greiðslur úr séreignarsjóði að fjárhæð 174 milljónir krónur. Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði voru samtals 19 milljónir til 58 lífeyrisþega. Samtals fengu 36 sjóðfélagar greiddan ellilífeyri, 10 örorkulífeyrir, 8 makalífeyri, 3 barnalífeyri og 1 fjölskyldulífeyri.

Eignir og ávöxtun

Árið 2003 var góð ávöxtun á öllum ævisöfnum Almenna lífeyrissjóðsins og má sem dæmi nefna að raunávöxtun ævisafns II var 13,6%, sem er hæsta ávöxtun einstakrar ávöxtunarleiðar hjá sjóðnum síðan árið 1993.

Góð ávöxtun var á verðbréfamörkuðum árið 2003. Mikil hækking var á innlendum hlutabréfamarkaði og hækkaði vísitala aðallista Kauphallar Íslands um 44,5%. Erlendir hlutabréfamarkaðir tóku við sér á vormánuðum og hækkaði bandaríska vísitalan S&P500 um 26,4% í dollurum en um 11,3% í íslenskum krónum þar sem dollarinn veiktist um 11,9% gagnvart íslensku krónunni. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 15,2% í íslenskum krónum. Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var einnig góð og hækkaði viðmiðunarvísitala skuldabréfa ævisafna I og II um 11,4%. Eignir Ævisafns IV eru ávaxtaðar á verðtryggðum bankareikningi. Nafnávöxtun safnsins var 8,8% árið 2003 sem samsvarar 5,9% raunávöxtun.

Taflan sýnir ávöxtun Ævisafnanna á árinu 2003, ávöxtun helstu verðbréfaflokka og eignasamsetningu í árslok.

Ævisafn	I	II	III	IV	Samtr.sj.
Ávöxtun 2003 í%					
Raunávöxtun	12,3	13,6	9,7	5,9	13,0
Nafnávöxtun	15,3	16,7	12,7	8,8	16,1
Nafnávöxtun verðbréfaflokka í%					
Skuldabréf	12,6	12,0	10,2		11,7
Innlend hlutabréf	46,0	43,1	50,3		44,2
Erlend hlutabréf	15,5	17,7	17,7		17,8
Innlánsreikningur				8,8	
Eignir, vægi í%					
Skuldabréf	38	59	80		60
Skuldabréf með hlbr. vísitölur	13				
Innlend hlutabréf	10	11	5		10
Erlend hlutabréf	39	30	15		30
Innlánsreikningur				100	

Fjárfestingarstefna

Í nóvember var fjárfestingarstefna sjóðsins endurskoðuð í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða. Við endurskoðunina var m.a. farið yfir aldurssamsetningu sjóðfélaga, tryggingafræðilega stöðu og sögulega ávöxtun á verðbréfamarkaði.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Fjárfestingar sjóðsins taka mið af fjárfestingarstefnu hans og viðkomandi ævisafna. Í Ævisöfnum I og II og verðbréfasafni samtryggingarsjóðs munar nokkuð á eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu en sjóðurinn stefnir að því að auka vægi hlutabréfa í áföngum, sjá nánar í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Á árinu 2003 voru nettófjárfestingar sjóðsins 3.860 milljónir króna og skiptust þannig milli verðbréfasafna.

Ævisafn	I		II		III		IV		Samtr.sj.	
	Milljónir	%	Milljónir	%	Milljónir	%	Milljónir	%	Milljónir	%
Verðbréf	101	12	400	39	376	82			646	59
Skuldabréf	230	28								
Skuldabréf með hlbr. vísitölur	-19	-2	-245	-24	8	2			25	2
Innlend hlutabréf	524	62	858	85	72	16			435	39
Erlend hlutabréf							448	100		
Innlánsreikningur										
Samtals	836	100	1.013	100	456	100	448	100	1.107	100

Lán til sjóðfélaga

Sjóðfélögum standa til boða hagstæð lán gegn fasteignaveði. Veðsetning með umbeðnu láni getur verið allt að 55% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis. Ef um atvinnuhúsnæði er að ræða er hámarkið 35% af metnu markaðsverði. Veðsetning má þó aldrei vera hærri en 85% af brunabótamati. Hámarkslán er 7 milljónir kr. til allt að 25 ára. Lögð er áherslu á skjóta afgreiðslu. Vextir eru breytilegir og lækkuðu þeir um 1 prósentustig á árinu 2003. Vextir á lánunum til sjóðfélaga eru nú 5,5% (mars 2004).

Á árinu 2003 voru veitt 134 lán fyrir samtals 388 milljónir en árið 2002 voru afgreidd 100 lán fyrir samtals 229 milljónir króna. Í lok ársins var heildarfjárhæð sjóðfélagálána 1.375 milljónir kr.

almenni.is

Á árinu opnaði sjóðurinn nýja vefsíðu með slóðina www.almenni.is. Á síðunni geta sjóðfélagar fylgst með fréttum frá sjóðnum og lesið um starfsemi hans og þjónustu við sjóðfélaga. Meðal annars geta sjóðfélagar sótt umsóknir um lán og lífeyri, sent fyrirspurnir til ráðgjafa eða pantað að ráðgjafi hafi samband og veiti ráðgjöf um lífeyrismál.

Sjóðfélagar geta einnig skoðað netyfirlit í Netbanka Íslandsbanka þar sem þeir geta fylgst daglega með upplýsingum um inneign og lífeyrisréttindi. Á netyfirlitunum eru upplýsingar um greiðslur til annarra lífeyris-sjóða og dæmi um inneign og lífeyrisgreiðslur í starfslok. Einnig geta sjóðfélagar opnað reiknivél sem er tengd við þeirra eigin yfirlit. Yfirlitið sýnir aldur, núverandi inneign og áunnin réttindi. Sjóðfélagar geta breytt forsendum um vexti, eftirlaunaaldur (starfslok) og töku lífeyris og reiknað eigin dæmi. Reiknivélin býður sjóðfélögum síðan að vista forsendurnar en þannig geta sjóðfélagar prentað út yfirlit með eigin dæmum.

Auk netyfirlita geta sjóðfélagar nú skoðað upplýsingar um öll lán sem þeir eru með hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Fyrir einstök lán er hægt er að skoða upplýsingar um gjalddaga og greiðslur sem síðan eru nánar sundurliðaðar í afborganir, vexti, dráttarvexti, verðbætur og kostnað.

Viðræður við Lífeyrissjóð lækna

Í haust hófust könnunarviðræður við stjórn Lífeyrissjóðs lækna um hugsanlegt samstarf eða sameiningu sjóðanna. Tilefni viðræðna var að kanna hvort sjóðirnir geta hugsanlega náð fram hagræðingu og áhættudreifingu með samstarfi eða sameiningu sjóðanna. Annað markmið með viðræðunum er að leita leiða til að aðskilja fjárfestingaráhættu sjóðfélaga og lífeyrisþega. Viðræðurnar hafa gengið vel og hefur viðræðuhópur sjóðanna skilað tillögum sem eru til skoðunar hjá hvorum sjóði um sig.

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs

Úttekt á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingarsjóðs í árslok 2003 sýnir að staða sjóðsins batnaði mikið á árinu og að tryggingafræðileg staða sjóðsins er mjög sterk. Niðurstaða úttektarinnar er að eignir sjóðsins eru 0,5% umfram áfallnar skuldbindingar en þegar lítið er til framtíðarskuldbindingar vegna framtíðariðgjalda eru heildareignir 4,6% umfram heildarskuldbindingar. Í árslok 2002 voru áfallnar skuldbindingar 9,9% umfram eignir þannig að áunnin staða sjóðsins batnaði um 10,4 prósentustig á árinu.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík 17. mars 2004

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum.

Við höfum endurskoðað ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðfélaga, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 23. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. mars 2004.

KPM G Endurskoðun hf.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2003

	Skýr.	Séreignarsjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2003	Samtals 2002
Iðgjöld:					
Iðgjöld sjóðfélaga		1.038.191	448.416	1.486.607	1.356.510
Iðgjöld launagreiðenda		1.219.922	681.532	1.901.454	1.804.671
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		94.598	(7.069)	87.529	(246.091)
	9	<u>2.352.711</u>	<u>1.122.879</u>	<u>3.475.590</u>	<u>2.915.090</u>
Lífeyrir:					
Lífeyrir	10	173.725	19.068	192.793	216.177
Beinn kostnaður vegna örorkumats ...		0	22	22	21
		<u>173.725</u>	<u>19.090</u>	<u>192.815</u>	<u>216.198</u>
Fjárfestingartekjur:					
Tekjur af eignarhlutum	5	17.055	6.075	23.130	(1.882)
Vaxtatekjur og gengismunur	6,11	2.835.484	618.091	3.453.575	(949.254)
		<u>2.852.539</u>	<u>624.166</u>	<u>3.476.705</u>	<u>(951.136)</u>
Fjárfestingargjöld:					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ...	7,12	21.175	4.252	25.427	19.419
Vaxtagjöld		279	63	342	632
		<u>21.454</u>	<u>4.315</u>	<u>25.769</u>	<u>20.051</u>
Rekstrarkostnaður:					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ...	7,12	35.019	8.302	43.321	35.442
Hækkun á hreinni eign á árinu		4.975.052	1.715.338	6.690.390	1.692.263
Hrein eign frá fyrra ári		16.281.306	3.203.038	19.484.344	17.792.081
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	18,19	<u>21.256.358</u>	<u>4.918.376</u>	<u>26.174.734</u>	<u>19.484.344</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

	Skýr.	Séreignarsjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2003	Samtals 2002
Fjárfestingar:					
Verðbréf með breytilegum tekjum		17.214.142	4.115.635	21.329.777	16.172.427
Verðbréf með föstum tekjum		2.105.493	363.483	2.468.976	1.613.915
Veðskuldabréf		1.242.417	284.469	1.526.886	1.353.117
Bundnar bankainnstæður		634.566	0	634.566	149.818
	8,13-16	<u>21.196.618</u>	<u>4.763.587</u>	<u>25.960.205</u>	<u>19.289.277</u>
Kröfur:					
Ýmsar kröfur		4.232	1.086	5.318	7.569
Kröfur á launagreiðendur		0	119.414	119.414	0
	17	<u>4.232</u>	<u>120.500</u>	<u>124.732</u>	<u>7.569</u>
Aðrar eignir:					
Sjóður og veltiinnlán		<u>92.126</u>	<u>36.315</u>	<u>128.441</u>	<u>201.506</u>
Eignir samtals		<u>21.292.976</u>	<u>4.920.402</u>	<u>26.213.378</u>	<u>19.498.352</u>
Skuldir:					
Ýmsar skuldir		<u>36.618</u>	<u>2.026</u>	<u>38.644</u>	<u>14.008</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris ...	18,19,23	<u>21.256.358</u>	<u>4.918.376</u>	<u>26.174.734</u>	<u>19.484.344</u>
Greining á hreinni eign deilda:					
Séreignarsjóður		21.256.358		21.256.358	16.281.305
Samtryggingarsjóður			4.918.376	4.918.376	3.203.039
Samtals		<u>21.256.358</u>	<u>4.918.376</u>	<u>26.174.734</u>	<u>19.484.344</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2003

Skýr.	Séreignarsjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2003	Samtals 2002
Inngreiðslur:				
Iðgjöld	2.352.711	1.003.465	3.356.176	2.915.090
Fjárfestingartekjur	272.952	75.495	348.447	319.432
Afborganir verðbréfa	260.029	58.500	318.529	353.205
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	4.012.898	802.146	4.815.044	3.457.073
Bundinn bankareikningur	0	1.102	1.102	0
Aðrar inngreiðslur	13.073	214	13.287	9.566
	<u>6.911.663</u>	<u>1.940.922</u>	<u>8.852.585</u>	<u>7.054.366</u>
Útgreiðslur:				
Lífeyrir	170.788	19.111	189.899	216.079
Fjárfestingargjöld	164	37	201	1.755
Rekstrarkostnaður	48.918	10.309	59.227	50.661
Aðrar útgreiðslur	0	0	0	19.579
	<u>219.870</u>	<u>29.457</u>	<u>249.327</u>	<u>288.074</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum	6.691.793	1.911.465	8.603.258	6.766.292
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting:				
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	5.194.323	1.743.601	6.937.924	5.947.077
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	1.124.688	165.254	1.289.942	459.867
Lagt inn á bundna bankareikninga	448.456	0	448.456	269.025
	<u>6.767.467</u>	<u>1.908.855</u>	<u>8.676.322</u>	<u>6.675.969</u>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánum	(75.674)	2.610	(73.064)	90.322
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>167.801</u>	<u>33.705</u>	<u>201.506</u>	<u>111.183</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u><u>92.127</u></u>	<u><u>36.315</u></u>	<u><u>128.442</u></u>	<u><u>201.506</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Almenni lífeyrissjóðurinn var stofnaður með samruna Almenns lífeyrissjóðs VÍB og Lífeyrissjóðs Arkitekta og tæknifræðinga í ársbyrjun 2003. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningar sjóðanna sem sameinuðust árið áður. Samanburðarfjárhæðir í ársreikningnum eru samanlagðar fjárhæðir í ársreikningum sjóðanna fyrir sameiningu þeirra. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild, sem skiptist í fjögur ævisöfn með mismunandi fjárfestingarstefnu. Á blaðsíðu 18 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymi mismunandi safna séreignardeildar.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2003. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Skriptasamningar

3. Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga og er tilgangur þeirra að draga úr gengisáhættu sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstólar samninganna eru ekki færðir í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í rekstrar- og efnahagsreikning. Samningarnir eru við lánastofnanir og eru færðir með ýmsum kröfum eða ýmsum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

Iðgjöld

4. Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Ógreidd iðgjöld í árslok sem hafa verið tilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Tekjur af eignarhlutum

5. Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur

6. Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Skýringar, frh.:

Rekstrarkostnaður

7. Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Verðbréfaeign

8. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, bundnar bankainnstæður og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskrteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Iðgjöld

9. Iðgjöld á árinu greinast þannig:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2003	Samtals 2002
Lágmarksiðgjöld	379.778	1.129.948	1.509.726	1.411.053
Viðbótariðgjöld	1.878.335	0	1.878.335	1.750.128
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	94.598	(7.069)	87.529	(246.091)
Iðgjöld samtals	<u>2.352.711</u>	<u>1.122.879</u>	<u>3.475.590</u>	<u>2.915.090</u>

Lífeyrir

10. Lífeyrir á árinu sundurliðast þannig:	2003	2002
Ellilífeyrir	8.731	5.674
Örorkulífeyrir	8.703	8.195
Makalífeyrir	1.081	605
Barnalífeyrir	553	443
Lífeyrir samtals	<u>19.068</u>	<u>14.917</u>
Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði	<u>173.725</u>	<u>201.260</u>
Lífeyrir samtals	<u>192.793</u>	<u>216.177</u>

Vaxtatekjur og gengismunur

11. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2003	Samtals 2002
Hlutdeildarskrteini	2.536.860	537.475	3.074.335	(1.223.878)
Skuldabréf	260.432	67.928	328.360	254.803
Skiptasamningar	1.723	388	2.111	5.455
Aðrar vaxtatekjur	36.469	12.300	48.769	14.366
Samtals	<u>2.835.484</u>	<u>618.091</u>	<u>3.453.575</u>	<u>(949.254)</u>

Rekstrarkostnaður

12. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2003	Samtals 2002
Umsjónarlaun Íslandsbanka	36.906	7.334	44.240	33.896
Stjórnarlaun og launatengd gjöld	4.198	924	5.122	5.050
Endurskoðun	1.674	365	2.039	1.271
Tryggingafræðingur	0	836	836	1.183
Önnur sérferðilþjónusta	1.392	448	1.840	585
Fjármálaeftirlitið	1.824	405	2.229	1.394
Auglýsingar	2.114	464	2.578	2.305
Kostnaður vegna sameiningar	688	159	847	1.467
Kostnaður vegna heimasíðu	1.549	359	1.908	0
Ýmis kostnaður	5.849	1.260	7.109	7.710
	<u>56.194</u>	<u>12.554</u>	<u>68.748</u>	<u>54.861</u>
Fært á fjárfestingargjöld	(21.175)	(4.252)	(25.427)	(19.419)
	<u>35.019</u>	<u>8.302</u>	<u>43.321</u>	<u>35.442</u>

Fjárfestingar

13. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Innlend hlutabréf:				
Skráð bréf	291.200	86.400	377.600	5.088
Óskráð bréf	0	0	0	18.217
	<u>291.200</u>	<u>86.400</u>	<u>377.600</u>	<u>23.305</u>
Erlend hlutabréf:				
Skráð bréf	1.421	0	1.421	364
Hlutdeildarskírteini:				
Innlendir verðbréfasjóðir:				
Sjóðir með ríkistrygðum skuldabréfum	3.305.337	786.725	4.092.062	3.017.886
Sjóðir með hlutabréfum	2.952.838	641.612	3.594.450	2.936.263
Sjóðir með markaðsskuldabréfum	5.327.997	1.415.153	6.743.150	6.223.474
	<u>11.586.172</u>	<u>2.843.490</u>	<u>14.429.662</u>	<u>12.177.623</u>
Erlendir verðbréfasjóðir:				
Sjóðir með hlutabréfum	5.335.349	1.185.745	6.521.094	3.971.135
Bókfært verð samtals	<u>17.214.142</u>	<u>4.115.635</u>	<u>21.329.777</u>	<u>16.172.427</u>

14. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð	351.621	47.325	398.946	193.218
Bankabréf	886.151	118.412	1.004.563	814.632
Önnur skuldabréf	867.721	197.746	1.065.467	606.065
Samtals	<u>2.105.493</u>	<u>363.483</u>	<u>2.468.976</u>	<u>1.613.915</u>

Skýringar, frh.:

15. Veðlán greinast þannig:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals 2003	Samtals 2002
Lán til sjóðfélaga	1.119.015	256.215	1.375.230	1.121.754
Önnur veðskuldabréf	123.402	28.254	151.656	231.363
Samtals	<u>1.242.417</u>	<u>284.469</u>	<u>1.526.886</u>	<u>1.353.117</u>

16. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

Í íslenskum krónum:				
Verðbréf með breytilegum tekjum	10.826.386	2.685.263	13.511.649	11.292.066
Verðbréf með föstum tekjum	1.966.721	332.642	2.299.363	1.491.227
Veðskuldabréf	1.242.417	284.469	1.526.886	1.353.117
Bundnar bankainnstæður	634.566	0	634.566	149.818
	<u>14.670.090</u>	<u>3.302.374</u>	<u>17.972.464</u>	<u>14.286.228</u>
Í erlendum gjaldmiðlum:				
Verðbréf með breytilegum tekjum	6.387.757	1.430.371	7.818.128	4.880.361
Verðbréf með föstum tekjum	138.771	30.842	169.613	122.688
	<u>6.526.528</u>	<u>1.461.213</u>	<u>7.987.741</u>	<u>5.003.049</u>
Fjárfestingar samtals	<u>21.196.618</u>	<u>4.763.587</u>	<u>25.960.205</u>	<u>19.289.277</u>

Kröfur

17. Kröfur greinast þannig:

Kröfur á launagreiðendur	0	119.414	119.414	0
Áfallnar tekjur vegna framvirkra samninga	1.741	398	2.139	3.926
Aðrar kröfur	<u>2.491</u>	<u>688</u>	<u>3.179</u>	<u>3.643</u>
Samtals	<u>4.232</u>	<u>120.500</u>	<u>124.732</u>	<u>7.569</u>

Skuldbindingar

18. Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris greinast þannig á árinu:

	Séreignar- sjóður	Sam- tryggingar- sjóður	Samtals
Staða í ársbyrjun	16.281.306	3.203.038	19.484.344
Iðgjöld á árinu	2.352.711	1.122.879	3.475.590
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(173.725)	(19.090)	(192.815)
Vextir ársins	<u>2.796.066</u>	<u>611.549</u>	<u>3.407.615</u>
Staða í árslok	<u>21.256.358</u>	<u>4.918.376</u>	<u>26.174.734</u>
Inneign laus til útborgunar frá 60 – 67 ára (samkvæmt vali sjóðsfélaga)	21.043.364		
Inneign laus til útborgunar frá 65 – 79 ára (hluti af lágmarkslífeyri frá 70 ára aldri til æviloka)	202.817		

Skýringar, frh.:

18. Frh.:

Nafnávöxtun innstæðna ársins 2003 er 8,8% til 16,7% eða sem svarar til raunávöxtunar á bilinu 5,9% til 13,6% miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs eftir því í hvaða ævisafni sjóðfélaginn ávaxtar innstæður sínar, sbr. skýringu 21 um ávöxtun ævisafna. Við útreikning á ávöxtun er miðað við innborgunardag iðgjalda og útgreiðslur lífeyris.

19. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding Samtryggingarsjóðsins 5.024 millj. kr. í árslok 2003 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2003 er 5.048 millj. kr. eða 24 millj. kr. hærri en áfallin skuldbinding. Lífeyrisskuldbinding Samtryggingarsjóðsins í árslok 2003 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	4.918.376	0	4.918.376
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	197.156	0	197.156
Fjárfestingarkostnaður	(67.923)	0	(67.923)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	13.803.329	13.803.329
Eignir samtals	5.047.609	13.803.329	18.850.938
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	3.792.107	9.732.651	13.524.758
Örorkulífeyrir	955.931	2.326.748	3.282.679
Makalífeyrir	253.845	691.428	945.273
Barnalífeyrir	2.897	146.962	149.859
Rekstrarkostnaður	19.148	102.159	121.307
Skuldbindingar samtals	5.023.928	12.999.948	18.023.876
Hrein eign umfram skuldbindingar	23.681	803.381	827.062
Í hlutfalli af skuldbindingum	0,5%	6,2%	4,6%

20. Framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar greinast þannig:

	Séreignar- sjóður	Sam- tryggingar- sjóður	Samtals	2002
Eignir í íslenskum krónum	178.289	40.821	219.110	126.550
Skuldir í erlendri mynt	176.548	40.423	216.971	122.624

Skýringar, frh.:

Ævisöfn

21. Fjárfestingar sjóðsins skiptast þannig eftir verðbréfaflokkum, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum. Yfirlitið er í millj. kr.:

	Ævisafn I		Ævisafn II		Ævisafn III		Ævisafn IV		Samtr.sjóður	
	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%
Skuldabréf										
Skuldabréf með ábyrgð										
ríkisins	820	21	4.361	28	447	38	0	0	1.375	29
Skuldabréf fjármála										
stofnana	660	17	1.841	12	234	20	0	0	597	13
Skuldabréf sveitarfélaga ...	81	2	493	3	31	3	0	0	149	3
Skuldabréf fyrirtækja	240	6	1.526	10	188	16	0	0	497	10
Einstaklingar	162	4	1.028	6	52	5	0	0	284	6
Erlend skuldabréf	25	1	105	1	8	1	0	0	31	1
Bundnar bankainnstæður	0	0	0	0	0	0	635	100	0	0
Laust fé / skammtíma										
ávöxtun	(14)	0	(192)	(1)	(38)	(3)	0	0	(65)	(1)
Innlend hlutabréf	394	10	1.745	11	59	5	0	0	484	10
Erlend hlutabréf	1.504	39	4.635	30	167	15	0	0	1.411	29
Samtals	<u>3.872</u>	<u>100</u>	<u>15.542</u>	<u>100</u>	<u>1.148</u>	<u>100</u>	<u>635</u>	<u>100</u>	<u>4.763</u>	<u>100</u>
Raunávöxtun árið 2003		12,3		13,6		9,7		5,9		13,0
Raunávöxtun árið 2002		(11,3)		(6,9)		2,2				(6,9)
Raunávöxtun árið 2001		(2,2)		0,1		2,9				(0,5)
Raunávöxtun árið 2000		(3,1)		(3,3)		(0,1)				(3,3)
Raunávöxtun árið 1999		9,5		8,2		6,0				8,2
Raunávöxtun á ári 1999-										
2003		0,6		2,0		4,1				1,9
Raunávöxtun á ári 1990-										
2003				5,8						

22. Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2003, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

Eignaflokkur:	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Samtryggingar-	Viðmið*
	Raun- ávöxtun	Raun- ávöxtun	Raun- ávöxtun	sjóður Raun- ávöxtun	
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2,9%	2,4%	2,6%	2,5%	
Skuldabréf:					8,4%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skulda- bréf með ábyrgð ríkissjóðs	10,1%	9,9%	7,4%	9,3%	
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10,7%	10,6%	11,5%	10,6%	
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnanna	10,3%	10,6%	9,4%	10,4%	
Fasteignaverðtryggð skuldabréf	6,1%	6,1%	6,1%	6,1%	
Önnur verðbréf	10,3%	10,3%	10,1%	10,3%	
Erlend skuldabréf	7,9%	7,9%	7,9%	8,0%	
Skuldabréf með erlendri hlutabréfaávöxtun	0,9%				
Hlutabréf:					
Innlend hlutabréf	42,1%	39,3%	46,3%	40,4%	44,5%
Erlend hlutabréf	16,5%	14,6%	14,6%	14,7%	15,2%

*Viðmið:

Markflokkar ríkisskuldabréfa með 6 ára meðaltíma.

Hlutabréf á aðallista Kauphallar Íslands.

Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI) í íslenskum krónum.

¹⁾ Fyrir Ævisafn III er viðmiðið markflokkar ríkisskuldabréfa með 4,5 ára meðaltíma, raunvextir 7,2%.

Skýringar, frh.:

22. Frh.:

Við ávöxtunartreikningana var ávöxtun verðbréfasjóða ÍSB skipt niður á eignaflokka og var meðalvægi Almenna lífeyrissjóðsins, það er meðaltal af vægi í ársbyrjun og árslok, í viðkomandi sjóði notað til að nálgast ávöxtunartölur fyrir hvern eignaflokk fyrir sig.

Verðbréfasjóðir ÍSB eru gerðir upp miðað við markaðskröfu. Við útreikning á ávöxtun eru reikndir út afkastavextir (internal rate of return) fyrir viðeigandi verðbréf, verðbréfaflokk eða verðbréfasafn hverju sinni. Útreikningarnir taka tillit til allra hreyfinga innan hvers verðbréfaflokks eða verðbréfasafns.

Kennitölur

23. Kennitölur:*

Ævisafn I	2003	2002	2001	2000	1999
Hrein raunávöxtun	12,3%	(11,3%)	(2,2%)	(3,2%)	9,5%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	0,6%	(2,1%)	1,2%	3,0%	9,5%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	77,0%	82,4%	83,7%	96,3%	94,8%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,0%	0,2%	0,2%	0,0%	0,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	16,6%	12,2%	10,1%	0,0%	0,0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	2,2%	1,9%	2,8%	2,1%	4,5%
Veðskuldabréf	4,2%	3,3%	3,2%	1,6%	0,7%
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	59,9%	68,4%	60,5%	68,8%	74,5%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	40,1%	31,6%	39,5%	31,2%	25,5%
Ævisafn II					
Hrein raunávöxtun	13,6%	(6,9%)	0,1%	(3,3%)	8,2%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	2,0%	1,2%	3,9%	5,2%	7,3%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	85,%	90,2%	90,0%	92,1%	90,7%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,0%	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	5,3%	3,3%	2,9%	0,0%	0,0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	3,1%	2,4%	2,7%	4,4%	8,0%
Veðskuldabréf	6,6%	4,0%	4,3%	3,5%	1,3%
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	69,1%	68,4%	66,6%	68,0%	81,7%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	30,9%	31,6%	33,4%	32,0%	18,3%
Ævisafn III					
Hrein raunávöxtun	9,7%	2,2%	2,9%	(0,1%)	6,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	4,1%	2,7%	2,9%	2,9%	6,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	89,4%	88,7%	90,9%	91,6%	91,2%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	3,8%	4,0%	3,0%	0,0%	0,0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	2,3%	2,5%	2,2%	4,8%	7,3%
Veðskuldabréf	4,5%	4,8%	3,9%	3,6%	1,5%
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	84,8%	86,4%	90,0%	84,1%	88,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	15,2%	13,6%	10,0%	15,9%	11,4%

Skýringar, frh.:

23. Frh.:*

Ævisafn IV	2003	2002	2001	2000	1999
Hrein raunávöxtun	5,9%	4,7%			
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar	5,3%	4,7%			
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Bundin bankainnstæða	100,0%	100,0%			
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	100,0%	100,0%			

Samtryggingasjóður

Hrein raunávöxtun	13,0%	(6,9%)	(0,5%)	(3,3%)	8,2%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðinn fimm ár	1,9%	(0,6%)	1,4%	2,3%	8,2%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	86,4%	87,9%	88,3%	93,0%	91,4%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,0%	0,1%	0,2%	0,0%	0,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	4,9%	5,8%	4,8%	0,0%	0,0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	2,7%	2,2%	2,7%	3,9%	7,4%
Veðskuldabréf	6,0%	3,9%	4,0%	3,1%	1,2%
Bundin bankainnstæða	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	69,3%	73,1%	65,8%	68,3%	80,5%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	30,7%	26,9%	34,2%	31,7%	19,5%
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	45,8%	31,0%	43,6%		
Makalífeyrir	45,6%	22,1%	38,6%		
Örorkulífeyrir	5,17%	32,6%	17,8%		
Barnalífeyrir	2,9%	14,3%	0,0%		
Fjárhagsstaða tryggingadeildar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	0,5%	(3,2%)	7,7%	16,8%	7,2%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	4,6%	1,7%	12,0%	29,5%	33,4%
Fjöldi sjóðfélaga					5.918
Lágmarksiðgjald	3.548	2.600	2.981	3.124	
Viðbótariðgjald	7.879	6.471	4.472	3.859	
Fjöldi lífeyrisþega:					
Séreignasjóður	235	101	195	140	101
Samtryggingasjóður	62	19	13		

Skilgreiningar:

1. Hrein raunávöxtun Raunávöxtun miðað við breytingu á gengi sjóðanna.
2. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar Meðaltal hreinnar raunávöxtunar á fimm ára tímabili.
3. Fjöldi sjóðfélaga Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á reikningsárinu.
4. Fjöldi lífeyrisþega Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.

* Kennitölur vegna árána 1999 til 2002 eru vegna Almenna lífeyrisjóðsins VÍB (ALVÍB)

Sérgreint yfirlit um rekstur og fjárhag Ævisafna árið 2003

	Ævisafn 1	Ævisafn 2	Ævisafn 3	Ævisafn 4	Samtals
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2003:					
Iðgjöld	786.243	602.732	488.315	475.421	2.352.711
Lífeyrir	(4.738)	(92.608)	(50.829)	(25.550)	(173.725)
Fjárfestingartekjur	486.651	2.214.597	113.478	37.813	2.852.539
Fjárfestingargjöld	(4.024)	(16.423)	(1.007)	0	(21.454)
Rekstrarkostnaður	(6.280)	(26.989)	(1.750)	0	(35.019)
Hækkun á hreinni eign á árinu	1.257.852	2.681.309	548.207	487.684	4.975.052
Hrein eign frá fyrra ári	2.640.405	12.885.610	605.070	150.221	16.281.306
Hrein eign til greiðslu lífeyris	3.898.257	15.566.919	1.153.277	637.905	21.256.358

Efnahagsreikningur 31. desember 2003:

Fjárfestingar	3.871.578	15.542.479	1.147.994	634.567	21.196.618
Aðrar eignir	33.269	53.189	6.316	3.584	96.358
Skuldir	(6.590)	(28.749)	(1.033)	(246)	(36.618)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	3.898.257	15.566.919	1.153.277	637.905	21.256.358

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2003:

Inngreiðslur	1.931.042	3.719.053	785.511	476.057	6.911.663
Útgreiðslur	(13.706)	(127.470)	(53.144)	(25.550)	(219.870)
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum	1.917.336	3.591.583	732.367	450.507	6.691.793
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting	(1.917.093)	(3.671.505)	(730.413)	(448.456)	(6.767.467)
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	243	(79.922)	1.954	2.051	(75.674)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	32.648	129.681	3.938	1.534	167.801
Sjóður og veltiinnlán í árslok	32.891	49.759	5.892	3.585	92.127

Almenni lífeyrissjóðurinn

Markmið og stefna



Marmið og stefna Almenna lífeyrissjóðsins.

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi með þjónustu og nýjungar í lífeyrismálum.

Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með eftirfarandi leiðum:

1. með því að bjóða sjóðfélögum val um ávöxtunarleiðir með mismunandi eignasamsetningu og áhættu
2. með því að leita eftir bestu ávöxtun með hliðsjón af fjárfestingarstefnu og áhættu
3. með hagkvæmum rekstri þannig að ávöxtunin skili sér sem mest til sjóðfélaga
4. með því að stuðla að því að sjóðfélagar njóti góðra trygginga hjá sjóðnum og viðbótartrygginga að eigin vali
5. með því að gefa sjóðfélögum kost á sveigjanleika við úttekt á lífeyri
6. með því að veita ítarlegar upplýsingar um inneign og réttindi
7. með því að veita úrvals þjónustu og ráðgjöf
8. með virkri þátttöku í mótun lagaumhverfis fyrir lífeyrissjóði og lífeyrisþega

Marmið og stefna Almenna lífeyrissjóðsins.

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Sjóðurinn stefnir að því að vera í fararbroddi með þjónustu og nýjungar í lífeyrismálum.

Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með eftirfarandi leiðum:

<i>Leiðir</i>	<i>Aðgerðir</i>
1. Með því að bjóða sjóðfélögum val um ávöxtunarleiðir með mismunandi eignasamsetningu og áhættu	<ul style="list-style-type: none">• Aldurstengd verðbréfasöfn. Fjögur söfn með mismunandi eignasamsetningu og áhættu sem talin eru henta fyrir ólíka aldursþópa<ul style="list-style-type: none">– Ævisafn I, II, III og IV– Ævileiðin (inneign flyst milli aldurstengdra verðbréfasafna eftir aldri)• Aðrar ávöxtunarleiðir í samvinnu við ÍSB<ul style="list-style-type: none">– Verðbréf– Innlánsreikningar
2. Með því að leita eftir bestu ávöxtun með hliðsjón af fjárfestingarstefnu og áhættu	<ul style="list-style-type: none">• Markvissar eignastýringaraðferðir<ul style="list-style-type: none">– Fjárfestingarstefnan yfirfarin einu sinni á ári– Regluleg verðbréfakaup og hægfara en markvissar eignabreytingar– Lágur kostnaður– Vísitölusjóðir eru undirstaðan við fjárfestingar í hlutabréfum enda segir sagan að þeir gefa bestan árangur til langs tíma.– Mikil áhættudreifing, m.a. með því að fjárfesta í sjóðum• Reglulegur samanburður við vísitölur og aðra lífeyrissjóði (vinnuhópur stjórnar, reglulegar upplýsingar á stjórnarfundum)• Reglulegar mælingar á ávöxtun og áhættu• Dagleg uppgjör og viðskiptavakt
3. Með hagkvæmum rekstri þannig að ávöxtunin skili sér sem mest til sjóðfélaga	<ul style="list-style-type: none">• Markviss rekstur<ul style="list-style-type: none">– Skilvirkt innra eftirlit og skýrsluskil til opinberra aðila– Skipulag til fyrirmyndar. Starfsmenn hafa starfslýsingar og verkferlar um helstu verkefni– Góð upplýsingakerfi– Stefnum að 95% iðgjalda berist með rafrænum hætti• Vinnuhópur stjórnar fylgist með að kostnaður haldist undir skilgreindum kostnaðarviðmiðunum• Stuðla að stækkun sjóðsins til að ná frekari

- | | |
|--|---|
| <p>4. Með því að stuðla að því að sjóðfélagar njóti góðra trygginga hjá sjóðnum og viðbótartrygginga að eigin vali</p> | <p>stærðarhagkvæmni</p> <ul style="list-style-type: none"> - Með fjölgun sjóðfélaga - Með samstarfi eða sameiningu við aðra sjóði. <ul style="list-style-type: none"> • Leitast við að fjölga greiðendum í samtryggingarsjóð m.a. með markaðsaðgerðum til að tryggja betri áhættudreifingu • Sjóðurinn er jákvæður gagnvart sameiningum við aðra lífeyrissjóði til þess að auka áhættudreifingu • Fylgjast betur með tryggingafræðilegri stöðu m.a. hvernig staðan breytist frá einum mánuði til annars • Bæta við upplýsingum um tryggingavernd á yfirlitum til sjóðfélaga ásamt ábendingum • Útbúa skilgreiningu á „ákjósanlegri” tryggingavernd. Senda ábendingar til sjóðfélaga sem hugsanlega eru með of litla tryggingarvernd m.v. skilgreiningu • Bjóðum sjóðfélögum viðbótartryggingar • Viljum taka þátt í að örorkulífeyrisþegar geti farið aftur á vinnumarkað með því að stuðla að endurhæfingu / endurmenntun / starfsþjálfun • Viljum kanna hagkvæmni þess að aðskilja fjárfestingaráhættu lífeyrisþega og annarra sjóðfélaga |
| <p>5. Með því að gefa sjóðfélögum kost á sveigjanleika við úttekt á lífeyri</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Sjóðfélagar geti greitt hluta lágmarksiðgjalds í séreignarsjóð • Umframávöxtun í samtryggingarsjóði verði greidd í séreignarsjóð • Bjóðum sjóðfélögum sveigjanlega þjónustu um fyrirkomulag lífeyrisgreiðslna • Sjóðfélagar geti sjálfir tekið út lífeyri úr séreignarsjóði á vefnum í samræmi við reglur um útborgun séreignarsjóðs |
| <p>6. Með því að veita ítarlegar upplýsingar um inneign og réttindi</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Tryggja að alltaf sé hægt að nálgast upplýsingar um hreyfingar, inneign og áunnin réttindi á vefnum • Senda yfirlit ásamt ábendingum og upplýsingum um afkomu sjóðsins tvisvar á ári • Senda sjóðfélögum tilkynningu ef iðgjaldagreiðslur falla niður til þess að forðast tap á iðgjöldum vegna gjaldþrota • Bæta við upplýsingum um tryggingavernd á yfirlitin • Námskeið og fundir |

Leiðir

Aðgerðir

	<ul style="list-style-type: none">- Árlegur ársfundur- Námskeið um lífeyrismál- Rabbfundir um ávöxtun með sjóðstjóra
7. Með því að veita úrvals þjónustu og ráðgjöf	<ul style="list-style-type: none">• Með því að kortleggja öll samskipti við sjóðfélaga og skilgreina samskiptaferli (hvað gerum við, hvernig/hvenær lýkur erindinu) og verkferla• Leggjum áherslu á gott viðmót og stuttan svartíma• Með faglegri ráðgjöf til sjóðfélaga og launagreiðenda með bæklingum, viðtölum og námskeiðum• Með ítarlegum og góðum upplýsingum á vefnum• Með því að bjóða sjóðfélögum hagstæð lán til langs tíma• Með stuðningi við lífeyrisþega með fræðslu og tómsundastarfi• Með reglulegum þjónustukönnunum
8. Með virkri þátttöku í mótun lagaumhverfis fyrir lífeyrissjóði og lífeyrisþega	<ul style="list-style-type: none">• Með því að fylgjast með og taka þátt í að móta lagaumhverfi fyrir lífeyrissjóði og lífeyrisþega

Samþykkt á stjórnarfundi 19. mars 2003.

Almenni lífeyrissjóðurinn

Fjárfestingarstefna 2004



Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins 2004

í samræmi við reglur FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins, er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu (skilgreind með flökti ársávöxtunar).

Sjóðstjóri skal ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar valið á milli fjögurra verðbréfasafna, Ævisafna I, II, III og IV, með mismunandi eignasamsetningu og áhættu. Sjóðfélagar geta valið sér safn ýmist eftir því hversu mikla áhættu þeir vilja taka eða eftir aldri. Þeir geta einnig valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra milli ævisafnanna með það fyrir augum að minnka áhættuna eftir því sem nær dregur starfslokum. Eignir Samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérstöku verðbréfasafni og er markmið þess að sjóðurinn eigi alltaf fyrir skuldbindingum og á löngum tíma skili ávöxtun umfram lágmarksávöxtun (3,5%) sem verði greitt í séreignarsjóð sem bónusgreiðslur.

Ævisafn	I			II			III			IV			Samtr.sjóður		
Aldurstenging															
Aldur (ævileiðin)	< 44 ára			45-59 ára			60>			lífeyrisþega			0-60 ár		
Sparnaðartími	35-60 ár			15-35 ár			5-15 ár			0-10 ár			0-60 ár		
Ávöxtunartími iðgjalda	45 ár			20 ár			10 ár			5 ár			30 ár		
Fjárfestingarstefna í %	Stefna	Víkm.	Eignir	Stefna	Víkm.	Eignir	Stefna	Víkm.	Eignir	Stefna	Víkm.	Eignir	Stefna	Víkm.	Eignir
Skuldabréf	20%	+45/-0	52%	50%	+20/-0	59%	80%	+10/-10	82%	100%			50%	+20/-0	60%
Innlán, laust fé		+10	0%		+10	1%		+15/-5	4%	100%	-80	100%		+10	1%
Með ábyrgð ríkisins	10%	+25/-5	20%	25%	+15/-10	29%	30%	+15/-15	40%		+80		25%	+15/-10	30%
Bæjar -og sveitarfélög		+5	2%	2%	+5/-2	3%	2%	+5/-2	3%		+5		2%	+5/-2	3%
Fjármálastofnanir	5%	+30/-5	7%	10%	+15/-5	10%	20%	+10/-10	16%		+80		10%	+15/-5	10%
Veðskuldabréf		+10	4%	4%	+10/-4	6%	3%	+15/-3	5%		+10		4%	+10/-4	6%
Önnur skuldabréf	5%	+15/-5	18%	10%	+10/-5	9%	20%	+10/-10	15%		+20		10%	+10/-5	10%
Hlutabréf	80%	+0/-45		50%	+0/-20		20%	+10/-10					50%	+0/-20	
Innlend hlutabréf	10%	+5/-5	10%	10%	+5/-5	11%	5%	+5/-5	5%				10%	+5/-5	10%
Erlend hlutabréf	70%	+5/-45	38%	40%	+5/-20	30%	15%	+5/-10	13%				40%	+5/-20	30%
Eignastýringaraðferðir															
Virk stýring hlutabréfa	30-50%			30-50%			0-10%						30-50%		
Hlutlaus stýring hlutabréfa	50-70%			50-70%			90-100%						50-70%		
Ávöxtun og áhætta%															
Vænt ávöxtun	10,6%			9,0%			7,4%			Hæstu vextir á verðtryggðum bankareikn.			9,0%		
Flökt ársávöxtunar, %	-8,0% til 29,3%			-2,4 til 20,5%			1,8% til 12,9%						-2,4 til 20,5%		
Viðmiðun, %															
Ríkisskuldabréf KÍ 3,5 ár	0%			0%			80%						0%		
Ríkisskuldabréf KÍ 4,3 ár	38%			38%			0%						38%		
Húsbréf, BH 9,6 ár	12%			12%			0%						12%		
Vísitala aðallista	10%			10%			5%						10%		
Heimsvísitala hlutabréfa	40%			40%			15%						40%		
Meðaltími skuldabréfa	5,6 ár			5,6 ár			3,5 ár						5,6 ár		

Taflan sýnir fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins, þ.e. fjárfestingarstefnu ævisafnanna fjögurra og fjárfestingarstefnu Samtryggingarsjóðsins.

Í töflunni eru eftirfarandi upplýsingar:

Fjárfestingarstefna	<p>Fremst í hverju safni kemur fram langtíma markmið um eignasamsetningu safnsins, síðan upplýsingar um vikmörk, sem segja til um leyfileg frávík frá langtíma stefnunni.</p> <p>Ævisafn I stefnir að auknu vægi hlutabréfa ef heimildir verða rýmkaðar. Fjárfestingarstefna Ævisafns I gerir því ráð fyrir herra vægi hlutabréfa en heimilt er skv. lögum. M.v. óbreyttar heimildir stefnir sjóðurinn að því að líkja eftir safni með 80% af eignum í hlutabréfum m.a. með því að fjárfesta í skuldabréfum sem taka mið af ávöxtun á hlutabréfamarkaði.</p>
Eignir	<p>Upplýsingar um eignasamsetningu hvers ævisafns fyrir sig og Samtryggingarsjóðs eru m.v. 1. nóvember 2003.</p>
Eignastýringaraðferðir	<p>Í Ævisöfnum I, II og Samtryggingarsjóði er stefnt að því að 50-70% af bæði innlendir og erlendri hlutabréfaeign sé fjárfest í sömu hlutföllum og hlutabréf viðkomandi fyrirtækja vega á markaði. Þetta hlutfall sé 90-100% í Ævisafni III.</p>
Ávöxtun og áhætta	<p>Vænt ávöxtun og flókt ársávöxtunar fyrir ævisöfnin og Samtryggingarsjóðinn taka mið af fjárfestingarstefnu hvers safns fyrir sig og eru byggð á á spá um ávöxtun helstu verðbréfaflokka 2004-2008 og sögulegum gögnum um flókt og samfylgni ávöxtunar m.v. mánaðarlegar mælingar á árunum 1993-2003.</p>
Viðmiðun	<p>Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Ævisöfn I, II og Samtryggingarsjóð er með 5,6 ára meðaltíma en viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Ævisafn III er með 3,5 ára meðaltíma. Þessar vísitölur er settar saman úr skuldabréfavísitölum Kauphallar Íslands.</p> <p>Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er vísitala aðallista Kauphallar Íslands og fyrir erlend hlutabréf er notuð heimsvísitala Morgan Stanley, MSCI.</p>
Aldurstenging	<p>Sá aldur sem þykir heppilegastur fyrir sjóðfélagana m.v. eignasamsetningu ævisafnanna. Þá er Ævisafn I talið henta þeim sem eru yngri en 45 ára, þar er vægi hlutabréfa mest og því gæti það safn sveiflast mest í verði. Ævisafn II er talið henta sjóðfélögum á aldrinum 45 til 59 ára, þá er búið að draga úr vægi hlutabréfa og auka vægi skuldabréf m.v. Ævisafn I, Ævisafn III er talið henta þeim sem eru 60 ára og eldri eða þar til taka lífeyris hefst. Ævisafn IV hentar best þeim sem þegar eru farnir að taka út lífeyri og farnir að ganga á inneign sína.</p>

Önnur atriði úr fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.

1. Nokkur munur er á markmiði um eignasamsetningu og núverandi eignasamsetningu í Ævisöfnum I, II og Samtryggingarsjóði. Stefnt er að því að eignasamsetning verði í samræmi við fjárfestingarstefnuna í Ævisafn II og Samtryggingarsjóði í árslok 2006. Stefnt er að því að hlutabréf vegi 50% af eignum Ævisafns I í árslok 2004 en að eignasamsetningu verði náð í árslok 2009. Þessu markmiði verði náð með ráðstöfun iðgjalda og afborgunum skuldabréfa.
2. Veðhlutföll fasteignatryggðra skuldabréfa skulu að hámarki vera 65% af metnu markaðsverði fasteignar. Á lánun til sjóðfélaga er hámarkið 55% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis en þó aldrei hærra en 85% af brunabótamati. Ef um er ræða sérhæft atvinnuhúsnæði er hámarkið 35% af metnu markaðsverði.
3. Samanlögð eign í hverju ævisafni fyrir sig og í Samtryggingarsjóði í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, fasteignatryggðum skuldabréfum, skuldabréfum banka og sparisjóða, innlánun í bönkum og sparisjóðum, hlutabréfum fyrirtækja, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og öðrum verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun fyrir „önnur verðbréf“ er 5%.
4. Hámarkshlutdeild hvers ævisafns fyrir sig og Samtryggingarsjóðs í hlutafé einstakra fyrirtækja er 15% og hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af sömu deild verðbréfasjóðs er 25%.
5. Hámarksfjárfesting hvers ævisafns fyrir sig og Samtryggingarsjóðs í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum fjármálastofnana, öðrum verðbréfum og samtals fjárfesting í hlutabréfum má vera að hámarki 50% af eignum í hverjum eignaflokki fyrir sig samkvæmt takmörkunum í lögum um lífeyrissjóði.
6. Markmið um gjaldmiðlasamsetningu Ævisafns II og Samtryggingarsjóðs er að 40% verði í erlendri mynt og 60% í íslenskum krónum. Markmið um gjaldmiðlasamsetningu Ævisafns I er að 50% verði í erlendri mynt og 50% í íslenskum krónum. Markmið Ævisafns III er að 15% verði í erlendri mynt og 85% í íslenskum krónum. Markmið Ævisafns IV er að það verði allt í íslenskum krónum.
7. Almenni lífeyrissjóðurinn stefnir ekki að því að fjárfesta í erlendum skuldabréfum en samkvæmt vilmörkum hefur sjóðstjóri heimild til að fjárfesta allt að 10% í erlendum skuldabréfum fyrir Ævisafn I, II og Samtryggingarsjóð og heimild til að fjárfesta allt að 35% í erlendum skuldabréfum fyrir Ævisafn III.
8. Söfnin stefna ekki að því að fjárfesta neitt í óskráðum verðbréfum en hafa þó heimild til að fjárfesta allt að 10% af eignum í óskráðum verðbréfum.
9. Ævisafn IV er frábrugðið öðrum Ævisöfnum að því leyti að eignum er ekki dreift á mikinn fjölda verðbréfa heldur fjárfestir það eingöngu á innlánsreikningi hjá Íslandsbanka. Tapsáhætta er því meiri en í öðrum Ævisöfnum en hafa verður í huga að lánsþæfismat Íslandsbanka er mjög hátt. Bankinn er reglulega tekinn út af erlendum lánsþæfisfyrirtækjum og er hægt að fá upplýsingar um niðurstöður þessara úttekta hjá þeim.

Staðfest af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 19. nóvember 2003.